

Nd.

257. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Flm.: Bergur Jónsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Fyrir „18 ára“ í 2. mgr. 20. gr. laganna komi: 17 ára.

2. gr.

Við 4. mgr. 20. gr. bætist: Þeir, sem eru fullra 19 ára að aldri, geta þó fengið leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga fyrir allt að 10 farþegum, enda uppfylli þeir öll önnur skilyrði þessarar málsgreinar. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um bifreiðarstjóra vörubifreiða, er flytja verkamenn til og frá vinnustað.

3. gr.

3. mgr. 21. gr. orðist svo:

Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti einn mánuð í 17 ára aldur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk dómsmálaráðuneytisins, og fylgdu því eftirfarandi skýringar:

„Nú upp á síðkastið hefur verið mjög mikill hörgull á bifreiðarstjórum, og hafa því þrífaldar umsóknir borizt til dómsmálaráðuneytisins og bifreiðaeftirlitsins um undanþágu frá aldursákvæðum bifreiðalaganna.

Til að ráða bót á þessu gerir frumvarp þetta ráð fyrir, að aldurstakmarkið verði fært niður um eitt ár, niður í 17 ára, að því er snertir almennan bifeiðaakstur, og einnig um eitt ár, niður í 19 ára, að því er snertir akstur á leigubifreiðum til mannflutninga, er taka allt að 10 farþegum.

Þá tekur frumvarpið af allan vafa um heimild bifreiðarstjóra með minna prófi til að aka verkamönnum á vörubifreiðum til og frá vinnustað, en heimild þessi er ekki tvímælalaus eftir núgildandi bifreiðalögum.

Hefur bifreiðaeftirlitið mælt með breytingum þessum.“